


Ársskýrsla 2015

Helga Kristín Kolbeins skólameistari, febrúar 2015



Efnisyfirlit

1.	Upplýsingar um FÍV 2014	2
	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna.....	2
	Námsframboð.....	2
	Umbótaþættir eftir sjálfsmat	2
	Úttektir.....	2
	Afkoma, rekstrarstaða	2
	Brottfall	3
	Stjórnun.....	4
	Samvinna við aðra	4
	Sérstakar áherslur/sérsvið skólans	4
2.	Nemendur	4
	Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum	4
3.	Námið.....	5
4.	Kennsla og stjórnun	5
	Menntun kennara og stjórnenda.....	6
	Starfsaldur kennara og stjórnenda	6
5.	Mat og framkvæmd markmiða.....	7
6.	Rekstur og fjármál.....	9
7.	Samstarf	12
8.	Viðauki með talnaefni.	13

Árskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, FÍV, greinir frá helstu þáttum skólastarfsins á árinu 2015.

1. Upplýsingar um FÍV 2015

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Á vorönn voru nemendur 238, en 248 á haustönn. Starfsmenn eru 33 í 27,4 stöðugildum.

Húsnæði skólans er 3170 m². Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2015 eru 204.

Námsframboð

Skólinn býður þriggja ára nám til stúdentsprófs frá haustinu 2015 og þar stunda 18,5% nemenda nám, á eldri stúdentsprófsbrautum stunda 38,3% nemenda nám. 16,1% nemenda eru á almennri námsbraut eða framhaldskólabrú. Á starfsbraut fyrir fatlaða eru 2,8% nemenda og 17,3% nemenda stunda nám á verknámsbrautum.

Umbótapættir eftir sjálfsmat:

Auka þarf kynningu á því námsframboði sem er við skólann. Auka samstarf við aðra skóla til að auka námsframboð. Endurskoða stofnanasamninga skólans. Endurskoða verkefnastjórnun innan skólans. Reka skólann skólann skv. fjárhagsáætlun. Bæta ímynd skólans.

Úttektir

Úttekt á kennslu áfanga hjá kennurum, miðannarmat áfanga og lokauppgjör.

Áfangamat var framkvæmt á vorönn og haustönn.

Á haustönn hófst ytri endurskoðun á skólanum.

Afkoma, rekstrarstaða

Á árinu var skuld við ríkissjóð greidd niður og var greiðslustaða við sjóðinn í árslok -5,708 Staða í lok árs 2015 var -5,708,069 kr. Rekstraráætlun var ekki alveg í samræmi við raunveruleikann og ljóst að til að hún geti nýst sem stjórntæki þá þarf að endurskoða hana og bæta inn jafnóðum þeim breytingum sem verða á umhverfi stofnunarinnar.

Þannig var launaliðurinn 13,98% yfir áætlun sem til kom vegna launabreytinga sem ekki var gert ráð fyrir. Aðrir liðir voru einnig hærri en áætlun en upphæðirnar voru lágar þannig að kostnaðurinn jafnaðist út og við náðum að greiða skuldina við ríkissjóð niður.

Brottfall

Reiknað út frá áfangalistum er brottfall 6,2% á vorönn og á haustönn 7%.

Á vorönn hættu 15 einstaklingar námi en á haustönn hættu 19 einstaklingar í námi.

Stjórnun

Stjórnun skólans er auk skólameistara, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri samtals 2,75 stöðugildi.

Samvinna við aðra

Samvinna við stærðfræðikennara í grunnskóla Vestmannaeyja í kjölfar úttektar á stærðfræði. Samstarf við ÍBV íþróttafélag vegna íþróttakademíu og Nýsköpunarmiðstöð vegna FabLab stofu. Samstarf við Tallin Russian Central Gymnasium, Eistlandi til að efla menntun kennara í stærðfræði og raungreinum. Samstarf við samtök sunnlenskra sveitarfélaga um menntun og fræðastarf á Suðurlandi.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

Aðaláherslur snúast um að þjóna nemendum í Eyjum eins vel og hægt er. Fjölbreytt námsframboð og góð tengsl við foreldra, félög og fyrirtæki í Eyjum, eru aðalatriði í þeirri viðleitni.

2. Nemendur

Á vorönn 2015 voru nemendur um 238 og á haustönn 2015 voru þeir um 248. Meirihluti nemenda skólans eru úr Vestmannaeyjum. Kynjaskipting er nokkuð jöfn en drengirnir eru þó heldur fleiri (53%). Yfir 90% nemenda eru yngri en 25 ára. Um þriðjungur nemenda glímir við námshindranir af ýmsum toga. Á árinu vannst mikill árangur í að vinna gegn brottfallinu með markvissri vinnu umsjónakennara, námsráðgjafa og kennara..

Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum:

Á vorönn tóku nemendur þátt í Oilsim og var lið frá skólanum sem þá keppni á Íslandi og tók þátt í alþjóðlegri keppni í London þar sem þeir urðu í öðru sæti. Nemendur tóku þátt í Boxinu framkvæmdakeppni Framhaldsskólanna og í spurningakeppni framhaldsskólanna á vorönn. Nemendur í íslensku voru með kynningu á bókmenntum kvenna í 100 ár fyrir bæjarbúa.

Skapandi dagar 23.-25. febrúar þar sem hefðbundið skólastarf var brotið upp.

Námskynning frá Keili var í skólanum og Vísindatorg Háskóla Íslands var með kynningu fyrir nemendur. Starfskynning var haldin í skólanum fyrir nemendur skólans, grunnskólanemendur og var hún einnig opin öllum bæjarbúum. Skólaufundur fjallaði að þessu sinni um forvarnir og heppnaðist vel.

Árlegur kynningarfundur fyrir nýnema haustannar og forráðamenn var í byrjun haustannar.

3. Námið

Skólinn rekur verknáms- og bóknámsbrautir, auk starfsbrautar. Á árinu 2015 voru nemendur skráðir á 18 mismunandi brautir. Skipting nemenda á brautir var svipuð og undanfarin ár, Stúdentsprófsbrautir hafa flesta nemendur samtals 56,5% og var innritað á nýja þriggja ára stúdentsprófsbraut á haustönn. Á almennri námsbraut og framhaldsskólabré eru 16,1% nemenda aðeins fleiri eru á verknámsbrautum 17,3% nemenda og tæp 3% á starfsnámsbraut þar sem kennt er eftir einstaklingsnámskrá.

Á árinu 2015 voru 44 nemendur útskrifaðir frá skólanum. 41 með stúdentspróf, 1 vélstjóri með A-réttindi og annar með B-réttindi.

4. Kennsla og stjórnun

Kennsluhættir í skólanum eru fjölbreyttir, námið er bæði bóklegt og verklegt. Nemendur hafa misjafna námsgetu. Mikil vinna er lögð í að mæta hverjum og einum, með framboði fjölbreyttra kennsluaðferða. Kennararnir láta nemendur hafa kennslu- og námsáætlun í öllum áföngum sínum, þar sem kemur fram hvernig kennslu og námsmati er háttar. Náms- og kennsluáætlunar eru settar á námsnet Inn. Í flestum áföngum eru lokapróf, en vægi þeirra er frá 30%-70%. Flestir kennrar nota námsvef og samfélagsmiðla til að styðja við áfangana og vera í betra sambandi við nemendur.

Á árinu 2015 voru að jafnaði 33 starfsmenn í rúmlega 27 stöðugildum. Í kennslu, stjórnun og námsráðgjöf voru 25 (11 karlar og 14 konur) og í öðrum störfum voru 8 (2 karl og 6 konur).

Dagleg stjórnun skólans var á vorönn í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara.. Engir millistjórnendur eru í skólanum, en kennarar eru stundum ráðnir í einstök verkefni, s.s. stundatöflugerð. Námsráðgjafi er í 60% starfi, fjármálastjóri er í 75% starfi sem og kerfisstjóri. Skólaritari, bókvörður eru í hálfu starfi og umsjónarmaður fasteigna er í fullu starfi. Flestir starfsmenn eru með langan starfsaldur.

Menntun kennara og stjórnenda

Menntun kennara og stjórnenda	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samtals
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	
Fagpróf	1		3		4
BA/BS				1	1
BA/BS + viðbótarháskolanám		1			1
Doktorspróf		1			1
Fagpróf, kennsluréttindi	1				1
Fagpróf, kennsluréttindi, viðbótarháskolanám		1			1
BA/BS, kennsluréttindi	2			1	3
BA/BS, kennsluréttindi, viðbótarháskolanám	6	2		4	12
Meistarapróf, kennsluréttindi	1	2			3
Samtals:	11	7	3	6	27

Starfsaldur kennara og stjórnenda

Starfsaldur kennara og stjórnenda	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samtals
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	
0-5		2	1	5	8
6-10	2	2	2	2	8

11-15	1				1
16-20	1				1
21-25	3				3
26-	4	2			6
Samtals:	11	6	3	7	27

5. Mat og framkvæmd markmiða

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða í skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfræðileg úrvinnsla, þegar það á við er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og öðrum fundum starfsfólks. Eftir það eru tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næstu skólaár.

Í 5 gr. skolasamnings Framhaldsskólangs í Vestmannaeyjum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið er kveðið á um að skolasamningunum fylgi viðauki þar sem markmið skólangs til næstu ára og einstök markmið næsta árs eru sett skipulega fram. Í viðauka skolasamningsins fyrir árin 2013-2015 voru sett fram sex markmið sem unnið hefur verið að og orðið nokkuð ágengt.

1. Auka ánægju nemenda með námsframboðið.

Framkvæmd

Nemendur gerðir meðvitaðri um inntak námsbrauta með gerð námsáætlana þar sem þeir skipuleggja nám sitt. Náms- og starfsráðgjafi tekur viðtöl við alla nýnema ásamt forráðamönnum þeirra. Umsjónakennrarar fara yfir námsval með nemendum.

Haustið 2015 gátu allir nemendur farið í það nám sem þeir ætluðu sér fyrir utan two (báðir ætluðu í matreiðslunám). Framboð valáfanga þarf að auka og verður það gert með samvinnu við aðra skóla.

2. Draga úr brottfalli

Framkvæmd:

Forráðamenn ólögráða nema fá reglulega send yfirlit um ástundun nemenda. Haft er samband við þá nemendur sem ekki eru að stunda nám sitt, kennarar, námsstarfsráðgjafi auk stjórnenda, vinna markvisst að þessu og eru forráðamenn hafðir með í ráðum.

Markmið að brottfall sé undir 7% hefur náðist á árinu.

3. Að framhaldsskólabraut með viðeigandi áfangalýsingum verði skráð í námskrárgrunn á vorönn 2013.

Samstarfsverkefni þriggja skóla er lokið og tók einn skólinn að sér að skráningu í námskrárgrunn. Einn skóli tók verkefnið að sér en samstarf um brautina varð lítið þar sem aðstæður á hverjum stað eru ólíkar. Framhaldsskólinn hefur framhaldsskólabraut sem fyrirmynnd fyrir sína framhaldsskólabrú en vinna við hana stendur enn.

4. Að auka jákvætt viðhorf nemenda til skólans

Framkvæmd:

Nemendur gerðir virkari í mótun skólastarfsins með því að halda skólaufundi um mikilvæg málefni og meira samstarfi við nemendafélag skólans.

5. Þarfagreining og kynning á starfsnámi og þá sérstaklega í málmiðngreinum verði lokið á haustönn 2013.

Framkvæmd:

Sérgreinakennari í málmiðngreinum fór á alla vinnustaði þar sem málmiðnaðarmenn starfa og fundaði með forsvarsmönum fyrirtækjanna og starfsmönum.

Lokið. Nemendum fjölgaði í kjölfar kynningar í málmiðngreinum .

Fundur var með atvinnurekendum í greininni og ljóst að það þarf að fjölgja útskrifuðum. Reyndin er sú að nemendur hafa öðlast hæfni til að sinna málmiðnaðarstörfum eftir stutta skólagöngu, mikil vontun er á fólk með þá hæfni. Fyrirtækin ráða til sín menn þrátt fyrir að námi sé ekki lokið og greiða þeim sömu laun og um útskrifaða einstaklinga væri að ræða. Það er nóg vinna og lítill hvati fyrir einstaklinga að ljúka námi. Eru í sömu vinnunni og fá sömu laun.

6. Að virkja umsjónakennara í ríkara mæli og auka samvinnu við forráðamenn nema undir 18 ára aldri.

Framkvæmd þessa markmiðs hófst á skólaárinu 2013-2014. Ákveðið var að ráða

umsjónarkennara úr hópi kennara í stöðuhlutfall og hefur framkvæmdin reynst vel.

Eftirfylgni sjálfsmats

Skólinn setur niðurstöður sínar úr sjálfsmati fram í skorkorti og þegar markmiðin nást ekki er sett fram aðgerðaáætlun um hvað megi gera betur og hvernig. Þeir þættir sem eru ekki samkvæmt

markmiðum sem við setjum, snúa að námsframboði og fjárhagsáætlunum skólans. Námsframboðið er til sérstakrar skoðunar eins og fram kemur í viðauka við skólasamning. Fjárhagsáætlanir eru erfiðar sökum sífell endurtekins niðurskurðar, en stöðugt er verið að huga að sparnaðarleiðum. Því miður þá er svo komið að það verður einungis gert með enn meiri niðurskurði.

6. Rekstur og fjármál

Rekstur skólans hefur verið erfiður undanfarin ár farið var í sársaukamiklar aðgerðir í byrjun árs 2015 til að skólinn gæti verið innan fjárheimilda. Farið var yfir alla ferla og starfsfólk sagt upp. Við þær ákvarðanir var haft að leiðarljósi að kennsla yrði ekki skorin niður heldur önnur þjónusta. Ákveðið að ráða ekki aftur áfangastjóra heldur viðhalda álagi á stjórnendum. Sagt var upp starfsmanni á kaffistofu kennara, ræsting mæld upp og fækkað um helming í ræstingu, opnunartími skrifstofu og bókasafns minnkaður og dregið úr starfshlutfalli þeirra sem þar starfa. Svona aðgerðir eru ekki auðveldar sérstaklega á stað eins og Vestmannaeyjum þar sem atvinnutækifæri eru fá og nálægðin mjög mikil. Þetta gekk samt vel og voru allir vel upplýstir hvers vegna þyrfti að ráðast í þessar aðgerðir.

- a) Launakostnaður var 14% yfir áætlun vegna þess ekki var tekið tillit til launahækkana í áætluninni..
- b) Annar kostnaður var einnig yfir áætlun og munar það mest um húsnæðisliðinn sem hækkaði meira en áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

c) Sértekjur og aðrar rekstrartekjur stofnunarinnar voru ofáætlaðar um 9%.


02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Rekstraráætlun 2016

Hestu liðir	Spá um 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Mism. kr
13 Aðrar rekstrartekjur	-3.423.886	-3.526.603	-4940292	-1.516.406
11 Markaðar tekjur	0	0	0	0
12 Sértekjur	-5.714.295	-5.885.723	-6.293.816	-579.521
Tekjur alls	-9.138.181	-9.412.326	-11.234.108	-2.095.927
01 Laun	238.232.008	254.528.975	209.053.459	-29.178.549
02 Ferðir og fundir	2.304.845	2.973.992	1.464.051	-840.794
03 Rekstrarvörur	3.724.277	3.836.006	3.414.606	-309.671
04 Aðkeypt þjónusta	6.122.091	9.345.753	6.882.667	760.576
05 Húsnæði	34.473.149	35.557.343	32.052.550	-2.420.599
06 Bifreiðar og vélar	4.635	4.774	26.275	21.640
07 Rekstrarkostnaður	4.974.790	6.424.034	5.613.772	638.982
Rekstrarkostnaður	289.835.795	312.670.877	258.507.380	-31.328.415
Mismunur	280.697.614	303.258.551	247.273.272	-33.424.342
Tala til afstemmingar	280.697.614	303.258.551		
Til ráðstöfunar				
skv. fjárlögum	268.400.000	305.000.000		
frá fyrra ári	-17.498.643	-2.306.542		
annað	27.489.715	6.290.753		
Fjárhheimildir alls	278.391.072	308.984.211		
Rekstrarafkoma ársins	-2.306.542	5.725.660 ***		
Halli		Afgangur		

Annað: námsorlof Vor 2016
kt. 090375-2969

Rekstrarkostnaður



7. Samstarf

Skólinn átti gott samstarf við marga á árinu, eins og undanfarin ár. Framhaldsskólinn og ÍBV íþróttafélag standa saman að íþróttakademíu, sem er vinsæl hjá nemendum og er mikilvæg í agauppeldi. Skólinn er tengdur Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, ásamt þekkingarsetri Vestmannaeyja, sem tengir saman ýmsar rannsóknarstofnanir og aðrar stofnanir í Eyjum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum rekur FabLab setur og á gott samstarf við skólann sem hefur aukist til muna eftir að Fablab flutti aðstöðu sína í skólahúsnæðið. Grunnskólinn í Eyjum skilar nær öllum nemendum sínum til FÍV og eðlilega vinna þessir skólar saman að velferð nemenda og gæðum náms í sameiningu.

Helga K. Kolbeins

Gert febrúar 2015

Helga Kristín Kolbeins skólameistari FÍV

8. Viðauki með talnaefni.

Skipting nemenda eftir brautum, fjöldi			
Braut	Heiti brautar	Vor 2015	Haust 2015
AN	Almenn námsbraut	18	19
AN-bók	Almenn námsbraut- bóknámslína	13	8
AN-íþr	Almenn námsbraut - íþróttalína	1	1
AN-ver	Almenn námsbraut- verknámslína	2	1
FÉ	Félagsfræðibraut	69	46
FB	Framhaldsskólabrú		11
GR06	Grunnnám rafiðna		
MB	Málabraut	1	1
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	3	4
NÁ	Náttúrufræðibraut	62	47
ÓTN	Ótilgreint nám	12	13
SJ	Sjúkraliðabraut	15	10
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip	4	1
STB	Starfsbraut	5	7
ST1	Stúdentspróf-3 ára		46
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	1	1
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	6	3
VA	Vélstjórnarnám A réttindi	4	2
VB	Vélstjórnarbraut B réttindi	23	27
	Samtals	239	248

Hlutfallsleg skipting eftir námsstöðu

<i>Fjöldi lokinna eininga</i>	<i>Vor 2015</i>	<i>Haust 2015</i>
0-20	24,7%	34,3%
21-40	17,6%	18,1%
41-60	14,6%	13,7%
61-80	12,6%	8,5%
81-100	9,2%	11,3%
101-120	7,1%	7,7%
121-140	11,7%	4,0%
141-	2,5%	2,4%

Hlutfallsleg skipting nema eftir árgöngum

Árgangur	Vor 2015	Haust 2015
1956	0,4%	
1962		0,4%
1963	0,4%	
1964	0,4%	0,4%
1968	0,8%	
1970	0,4%	0,8%
1973	0,4%	
1974	0,4%	
1975	1,3%	
1976	0,4%	0,4%
1979		0,4%
1980	0,4%	0,4%

1983	0,4%	0,8%
1984	0,8%	
1985	0,8%	1,6%
1986		0,8%
1987	1,3%	1,2%
1988	0,4%	
1991	1,3%	1,2%
1992	3,4%	2,8%
1993	5,0%	2,4%
1994	4,2%	4,4%
1995	7,6%	4,0%
1996	18,5%	12,1%
1997	25,6%	20,6%
1998	20,6%	19,8%
1999	4,6%	25%

Hlutfall nema 25 ára og yngri

Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni		
	Vor 2015	Haust 2015
KK	52,9%	53,2%
KVK	47,1%	46,8%

Fjöldi útskriftanema eftir brautum					
	FÉ	VH	NÁ	VA	VB
Vor 2015	12	1	16	1	1
Haust 2015	6	1	5		1

Hlutfall útskriftarnema eftir kyni		
	KVK	KK
Vor 2015	45,2%	54,8%
Haust 2015	38,5%	61,5%

	Kenndir tímar	Kenndir tímar í sérdeild m. álagi	Samtals tímar	Meðalfjöldi nemenda í hóp ¹ Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp ² eingöngu bóknám
Haust 2014	418,0	40,0	458,0	19,92	20,98
Haust 2015	398,0	42,0	440,0	17,8	19,18

Fjöldi nemenda í hóp ³		2014	2015
Bóknám og verknám			
5-10		8	11
11-15		12	17
16-20		19	23
21-25		26	15
26-30		7	7
30-		5	2
Samtals:		77	75

¹ Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

² Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

³ Á haustönn

